



Bréf til kjörmannanna Þjóðkirkjunnar frá stuðningsmönnum séra Arnar Bárðar Jónssonar til kjörs biskups Íslands

FYRIR höndum er kjör biskups Íslands. Í fyrsta skipti eru leikmenn meirihluti kjörmannanna. Það ber vitni um endurnýjun kirkjunnar og ný viðhorf. Séra Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Neskirkju, gefur kost á sér til biskups. Í bréfi sínu til kjörmannanna gerði hann grein fyrir sýn sinni á þjóðkirkjunni og embætti biskups. Sagði hann hlutverk biskups að vaka yfir kirkjunni sem fremstur meðal jafningja. Biskup ætti að þjóna, vera kennimaður kennimanna sem boða söfnuðum og þjóðinni allri kristna von og kristna trú, nálægur almenningi og meðal fólksins— andlegur leiðtogi sem jafnframt sinnir veraldlegum verkefnum.

Í bréfi sínu til kjörmannanna segist séra Örn Bárður eiga sér draum, draum um kirkju sem lætur sig varða börn og unglinga, unga foreldra, hjón og sambúðarfólk, aldraða, sjúka, fatlaða og alla sem standa höllum fæti í lífinu, kirkju sem lætur sig varða þjóðfélagsmál, hann ætti sér draum um frjálsa kirkju sem sættir menn, kirkju sem ávallt er í endurnýjun og nýtir færar leiðir til að koma fagnaðar-

erindinu og friðarboðskap Krists til skila. Séra Örn Bárður hefur ítrekað sýnt að hann hefur kjark til að mæla gegn misbeitingu valds, bæði innan kirkju og utan.

Undirritaðir leikmenn og prestar í þjóðkirkjunni vilja hér með mæla með kjöri séra Arnar Bárðar Jónssonar til embættis biskups Íslands. Í bréfi hans kemur fram sterk framtíðarsýn. Undir hans forystu yrði blásið til sóknar fyrir kristni, kristna menningu, trú og kirkju í landinu. Markmiðið er að kirkjan sé siðbótarkirkja sem boðar fagnaðarerindi Jesú Krists um kærleika um leið og rík áhersla er lögð á réttlæti, gott siðferði og sátt í þjóðfélaginu.

TRÚVERÐUGLEIKI séra Arnar Bárðar Jónssonar í taugum okkar er óumdeildur. Á dögum græðgi og valdhroka tók hann sér stöðu með sannleika, hógværð og réttlæti í prédikunum sínum og skrifum. Langt og farsælt starf hans í kirkjunni gerir séra Örn Bárð kjörinn til að gegna embætti biskups sem í senn þjónar Guði og leiðir íslensku þjóðkirkjuna til móts við framtíð í endurreistu landi.

Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Guðmunda Kristjánsdóttir
formaður sóknarnefndar í Grindavík

Kogga, Kolbrún Björgólfsdóttir
keramikar

Magnús Erlingsson
sóknarprestur á Ísafirði

Sif Vígbórsdóttir
skólastjóri Norðlingaskóla

Svanur Kristjánsson
prófessor við HÍ

Erla Guðmundsdóttir
prestur í Keflavík

Helgi Ágústsson
fv. sendiherra

Kristinn Ólason
dr. theol. kennari við HÍ

Oddrún Kristjánsdóttir
umhverfisfræðingur

Sigfús Kristjánsson
prestur Hjallakirkju

Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari MA

Gísli Tryggvason
talsmaður neytenda

Katrín Pálsdóttir
háskólakennari, fv. fréttamaður

Lára V. Júlíusdóttir
hæstaréttarlögmaður

Óli Þ. Guðbjartsson
fv. skólastjóri og ráðherra

Stefán Einar Stefánsson
formaður VR

Valgerður Gunnarsdóttir
skólameistari Laugum

Vigfús Bjarni Albertsson
sjúkrahússprestur